

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 347/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Helga Sigurjónssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 26. ágúst 1996. Endanleg krafa ákærvaldsins er sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða. Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að ákærði hefur tólf sinnum hlotið dóm fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þar af átta sinnum fyrir brot gegn 244. gr. laganna. Ákærði rauf með broti sínu skilyrði reynslulausnar 11. maí 1996, og verða eftirstöðvar þeirrar refsingar, 160 dagar, felldar inn í refsingu nú, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, svo sem henni var breytt með 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. og 60. gr. fyrrnefndu laganna, eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 22/1955. Með hliðsjón af því svo og ákvæðum 2. mgr. 70. gr., 71. gr., 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Helgi Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 3. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 505/1996: Ákærvaldið gegn X, Helga Sigurjónssyni, Y og Z, sem tekið var til dóms 26. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. maí sl. á hendur ákærðu, X [...], Helga Sigurjónssyni, Grenimel 2, Reykjavík, fæddum 12. nóvember 1975, fæðingarnúmer 401, Y [...] og Z [...].

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir þjófnað og hylmingu í maí 1996.

II.

Ákærðu X, Helga og Y er gefið að sök að hafa laust fyrir klukkan 8.00 þriðjudaginn 21. maí brotið sér leið inn í veitinga- og spilasal Íslensk-Íslenska sf., „Casino Gulliver“, á 2. hæð fjöleignarhússins nr. 20 við Hafnarstræti í Reykjavík með því að spenna upp hurð á stigagangi að húsnæðinu og hafa á brott nokkra pakka af vindlingum, 26.000 kr. í 50 kr. og 100 kr. mynt, sem voru í hillu undir afgreiðsluborði, og 90.200 kr. í smámynt úr spilakössum, sem spenntir voru upp.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar“.

Þá er með sama hætti og að framan greinir sannað, að ákærðu X og Y hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í II. kafla ákæru, en þau eru rétt færð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði Helgi hefur hins vegar neitað frá upphafi aðild sinni að þessu innbroti. Verður nú rakinn framburður hans og annarra um það.

Ákærði Helgi kveður ákærana vera ranga, að því er sig varði, neitar að hafa brotist inn í Hafnarstræti 20 í Reykjavík og kveðst ekki vita um innbrotið og ekki hafa neitt af því frétt, fyrr en lögreglan hafði tal af sér út af því.

Ákærði Y segir rangt í ákæru, að ákærði Helgi hafi verið með þeim hinum við innbrotið, en hann hafi viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu, að ákærði Helgi hefði verið með þeim, og gert það til þess að losna úr yfirheyrslunni, en sér hafi verið sýnd skýrsla ákærða X, þar sem þetta kom fram, og ákvað hann að bera eins og hann.

Ákærða Z staðfestir, að hún hafi heyrt ákærða X aðallega og einnig ákærðu Helga og Y ræða kvöldið áður um að brjótast inn, en vissi ekki, hvar átti að gera það.

Vitnið Hreinn Benediktsson, Vesturbergi 78 í Reykjavík, er vagnstjóri hjá SVR og var stadd á Lækjartorgi um það bil tuttugu mínútum fyrir klukkan átta að morgni 21. maí sl. Þegar vitnið kom á þessum tíma inn í biðsal strætisvagnanna í Hafnarstræti 20, sá það tvo menn koma ofan af annarri hæð hússins, en það hafði oft séð mennina á torginu áður. Vitnið er öruggt, að ákærði Helgi, sem það sér í dóminum, sé annar mannanna, en hann hafi verið í leðurjakka með fánalitum á bakinu, og félagi hans hafi haldið á plastpoka í höndunum. Vitnið segir, eftir að því hefur verið sýnd mynd af ákærða Y, að það sé maðurinn, sem var með ákærða Helga.

Ákærði X vill ekki lengur fullyrða, að ákærði Helgi hafi verið með þeim í innbrotinu, enda þótt hann hafi viðurkennt það fyrir dóminum, þegar hann kom fyrir hann vegna gæsluvarðhaldskröfu. Ákærði vill halda því fram, að hann hafi verið þreyttur í yfirheyrslunni fyrir dóminum.

Ákærði Helgi kveðst ekki muna eftir því að hafa gengið niður stigann í Hafnarstræti 20 umrætt sinn, eins og vitnið Hreinn ber, en staðfestir, að hann hafi verið á Lækjartorgi á þessum tíma.

Ekki verður tekið mark á breyttum dómsframburði ákærða X um hlut ákærða Helga að innbrotinu og miðað við fyrri framburð hans, enda skýring hans á breyttum framburði ekki trúverðug. Þá þykir skýring ákærða Y fyrir dóminum á framburði hans hjá rannsóknarlögreglu, þegar hann bar um þátt ákærða Helga að innbrotinu, afar ótrúverðug. Fyrir liggur framburður ákærða Helga, að hann hafi verið á þessum slóðum á þessum tíma, og framburður vitnisins Hreins, sem sá ákærðu Helga og Y koma með plastpoka niður stigann frá innbrotsstað umræddan morgun. Loks er að geta framburðar ákærðu Z þess efnis, að ákærðu hafi allir þrír kvöldið fyrir innbrotið verið að ráðgera slíkt. Þegar þetta allt er virt, er sannað, að ákærðu hafi allir þrír staðið að innbrotinu. Hefur ákærði Helgi með því eins og hinir gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Helgi hefur á árunum 1992–1995 hlotið tíu refsídóma fyrir hegningarlaga brot. Þau brot, sem þar um ræðir, eru þjófnaður, rán, nytjastuldur og líkamsárás. Þá hefur ákærði einnig brotið gegn umferðarlögum. Samanlögð óskilorðsbundin refsing, sem ákærði hefur hlotið, nemur rúmlega 2½ árs fangelsi. Hinn 11. maí sl. var ákærða veitt skilorðsbundin reynslulausn í eitt ár á 160 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar.

Ákærði Helgi hefur rofið skilorð áðurgreindrar reynslulausnar, og verða eftirstöðvar refsingarinnar samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, felldar inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, en hún þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að seta ákærða í gæsluvarðhaldi frá 23. maí sl. kl. 13.40 til uppsögu dóms þessa komi refsingu hans til frádráttar, samtals 42 dagar.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Helgi Sigurjónsson sæti fangelsi í 10 mánuði. Til frádráttar refsingu hans skal koma 42 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Y sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsingarinnar, og niður skal sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Z sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Helgi greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ágústssyni héraðsdómslögmanni, 70.000 krónur í þóknun fyrir verjandastarf við rannsókn og meðferð málsins. Ákærði X skal greiða annan sakarkostnað að 2/5 hlutum, en önnur ákærðu að 1/5 hluta.
